

Miðvikudaginn 7. marz 1934.

Nr. 156/1933. **Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs**  
(Pétur Magnússon)  
gegn

**Lárusi Jónssyni**  
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Frávikning úr stöðu án bóta talin réttmæt.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. sept. 1933:* Stefnður, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, greiði stefnandanum, Lárusi Jónssyni lækni, laun úr ríkissjóði frá 1. jan. 1933 að telja til 26. nóv. 1934 miðað við 5000 króna árslaun, auk dýrtiðaruppbótar af launum þessum eins og hún verður ákveðin fyrir þennan tíma, uppbót kr. 300,00 á mánuði fyrir húsnæði ljós og hita fyrir tímabilið frá 9. dez. 1932 til 26. nóv. 1934, ásamt 5% ársvöxtum af allri hinni tildæmdu upphæð frá 17. jan. 1933 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Fjármálaráðherra hefir f. h. ríkissjóðs skotið máli þessu til hæstaréttar og krefst hann þess að-allega, að ríkissjóður verði sýknaður af skaðabótakröfu stefnda, Lárusar Jónssonar fyrverandi yfirlæknis á Nýja-Kleppi, en til vara að skaðabæturnar verði færðar niður og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í báðum réttum. Stefndi krefst þess hinsvegar að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað í hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi er það réttilega tekið fram, að ráðherra geti eigi, svo gilt sé, ráðið starfsmenn í þjónustu ríkisins með þeim kjörum, að starfsmennirnir, þótt þeim sé vikið frá

starfi sínu fyrir réttmætar orsakir, eigi eftir sem áður rétt til launagreiðslu úr ríkissjóði, og velta því úrslit máls þessa eingöngu á því, hvort sannað sé að stefndi hafi brotið svo af sér í stöðu sinni með óreglu, og þá sérstaklega drykkjuskaparóreglu, að heimilt hafi verið fyrir ríkisstjórnina, til að víkja honum úr stöðunni fyrirvaralaust og svifta hann launum frá brottrekstrardegi, svo sem gert var hinn 8. dez. 1932.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi var hæstaréttarmálflutningsmanni Garðari Þorsteinssyni með konunglegri umboðsskrá útgefinni 22. dez. 1932 falið að rannsaka starf stefnda sem yfirlæknis á Nýja-Kleppi. Við rannsókn þessa hefir það komið fram, að í nóvbr. mán. 1931 hafa hjúkrunarkonur spítalans kært til landlæknis yfir drykkjuskap stefnda, og hafa mörg vitni er leidd hafa verið við rannsóknina, borið það, að stefndi hafi þá verið mjög drykkfeldur og hafi þess gætt í starfi hans allt þar til umrædd kæra var send. Stefndi hefir og viðurkennt að hafa á þessu tímabili nokkrum sinnum komið til sjúklinga undir áhrifum vins bæði við stofugang og á öðrum tíma sólarhringsins. Kæra þessi leiddi til þess, að landlæknir ritaði þáverandi dómsmálaráðherra bréf hinn 16. nóv. 1931 og lagði til að stefndi væri leystur frá starfi sínu, en í stað þess að taka tillögu landlæknis til greina framlengdi sami ráðherra, með bréfi, dags. 26. maí 1932, ráðningu stefnda um 2 ár. — Þá er það og sannað um drykkjuskap stefnda á þessu tímabili, að hann síðari hluta vetrar 1931 hafi að því er ætla verður í algerðu ölæði skotið úr byssu út um glugga í læknisbústaðnum á Nýja-Kleppi og yfirleitt farið svo ógætilega með

byssuna hlaðna, að tveir menn, er staddir voru inni hjá honum, fundu ástæðu til að taka byssuna af honum með valdi.

Til upplýsingar um drykkjuskaparóreglu stefnda meðal annars, eftir 26. maí 1932, hefir allt hjúkr-unarfólk og starfsfólk á spítalanum verið yfir-heyrt fyrir rétti. Hefir ein hjúkrunarkona, Una Sigtryggisdóttir, borið, að hún hafi nokkrum sinn-um á árinu 1932 séð stefnda undir áhrifum vins í spítalanum, bæði á stofugangi og utan stofugangs-tíma, að hún hafi heyrt sagt, að stefndi hafi auk þess komið drukkinn á spítalann og verið inni hjá starfsfólkinu í því ástandi, að hann hafi verið fluttur drukkinn heim til sín og komið hafi fyrir dagar og dagar, er stefndi kom eigi í spítalann.

Vitnið Nickils Nicolaisen, sem verið hefir hjúkr-unarmaður á spítalanum frá því í nóv. 1930, ber það, að hann hafi séð stefnda drukkinn á spítalan-um alltaf annað slagið og kveðst ekki hafa séð neina breytingu til batnaðar á framkomu læknis-ins eftir að kæran var send í nóv. 1931. Tekur hann það sérstaklega fram, að í eitt skipti hafi hann orð-ið að hringja til læknisins að nóttu vegna óróleika eins sjúklings og hafi læknirinn þá komið og hafi verið ölvaður. Vitnið kveðst hafa heyrt, að læknir-inn væri stundum dukkinn inni hjá starfsfólkinu og bætir því við, að oft hafi verið hávaðasamt hjá starfsfólkinu eftir háttatíma sjúklinganna, oft fram til kl. 2 að nóttu, og telur vitnið, að stjórnleysi og agaleysi hafi viðgengizt á spítalanum úr hófi fram.

Vitnið Baldvina Halldórsdóttir, sem vann sem deildarstúlka á annari deild frá 1. okt. 1931 til 1. okt. 1932, ber það, að hún hafi alltaf annað slagið séð læknirinn undir áhrifum vins á spítalanum og

nefnir sem dæmi um óreglu læknisins, að eitt sinn sumarið 1932 hafi hún verið beðin að gera hreint hjá lækninum, og er hún kom þangað um hádegisbilið, hafi læknirinn komið drukkinn á móti henni og eigi hleypt henni inn, og hafi læknirinn eigi komið á stofugang næstu 2 daga.

Vitnið Jón Kr. Jóhannesson hjúkrunarmaður á annari deild hefir meðal annars borið það, að sumarið 1932 hafi hann eitt sinn orðið að opna spítalann fyrir lækninum um kl. 11 að kvöldi, og hafi hann þá verið drukkinn. Vitnið minnst þess þó eigi, að hafa séð læknirinn þetta ár drukkinn á stofugangi, en kveðst oft hafa átt tal við samþjón sinn, Nicolaisen, um óreglu læknisins, sérstaklega þegar þeir hafi séð hann undir áhrifum vins, og yfir höfuð hafi starfsfólkið á spítalanum iðuglega talað um drykkjuskaparóreglu læknisins og verði vitnið að telja hann drykkjumann.

Vitnið Kristmann Sturlaugsson, sem var hjúkrunarmaður á spítalanum frá 2. jan. 1932 til miðs júlí s. á., ber það, að allan þenna tíma hafi hann alltaf annað slagið séð læknirinn koma á stofugang undir áhrifum vins, telur hann framburði vitnanna, Nicolaisen og Baldvínu Halldórsdóttur rétta um þetta, og segir, að hjúkrunarfólkið hafi oft talað um drykkjuskap læknisins. Þetta vitni kveður, að stefndi hafi oft verið fjarverandi frá spítalanum og hafi þess verið getið til, að óreglu væri um að kenna. Eitt sinn í febrúar eða marz 1932, kl. 12 að nóttu, hafi vitnið opnað spítalann fyrir lækninum og hafi hann þá verið svo drukkinn, að hann hafi orðið að styðja sig. Tekur vitnið fram, að svo mikið hafi borið á óreglu læknisins, að það hiki ekki við að telja hann drykkjumann.

Vitnið Soffia Ásgeirsdóttir, deildarstúlka á 1. deild ber það, að læknirinn hafi oft verið fjarverandi og nokkrum sinnum hafi hún séð hann á spítalanum ósofinn eða í öðru ástandi en vanalegu, hvort sem það hafi stafað af áhrifum vins eða af öðrum ástæðum.

Vitnið Stefán Jónsson, ráðsmaður á spítalanum, kveðst eigi hafa séð stefnda drukinn inni á spítalanum árið 1932 og ekki heldur geta borið um það af eigin sjón eða reynd, að hann væri drukinn inni hjá starfsfólkinu, en kveðst þó hafa nokkurt „hugboð“ um, að slíkt hafi komið fyrir, en tekur fram, að stefndi hafi forðast að koma inn á spítalann, er svo stóð á, að hann væri með víni.

Vitnið Elinborg Brynjólfsdóttir, sem verið hefir ráðskona á Nýja-Kleppi frá upphafi, ber að henni hafi verið kunnugt um að stefndi hafi nokkrum sinnum bæði 1931 og 1932 komið á spítalann undir áhrifum vins.

Vitnið Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir, sem verið hefir vinnustúlka á spítalanum frá 15. maí 1932, ber það, að hún hafi nokkrum sinnum séð stefnda á spítalanum undir áhrifum vins, meira og minna. Eldhússtúlkurnar, Sigrún Einarsdóttir og Þórunn Aðalheiður Sveinbjarnardóttir, bera og að þær hafi séð læknirinn undir áhrifum vins inni á spítalanum.

Vitnið Sophus Hansen, kyndari við spítalann, ber það, að vitnið hafi oft og iðuglega eftir að kæran var send og allt fram til þess tíma, er lækninum var vikið úr stöðu sinni, séð hann drukinn bæði innan og utan spítalans, og tekur sérstaklega fram, að nokkru fyrir 8. dez 1932 hafi hann séð stefnda drukinn á gangi spítalans kl. 6 að morgni. Þá get-

ur vitnið þess, að læknirinn hafi iðuglega bæði 1931 og 1932 vakið vitnið um nætur til að opna spítalann fyrir honum, og hafi læknirinn þá oftast eða jafnvel ætíð verið undir áhrifum víns.

Vitnið Jón Geir Pétursson, smiður, til heimilis að Gamla-Kleppi, ber, að það hafi oft séð stefnda koma heim úr bænum undir áhrifum víns, meira og minna, allan tímann, er hann var yfirlæknir, og telur að svo mikil brögð hafi verið að þessu, að það hiki ekki við að telja læknirinn drykkjumann.

Vitnið Emma Finnbjarnardóttir, hjúkrunarkona, ber það að vísu, að hún hafi eigi persónulega séð læknirinn drukkinn eftir að kæran var send til landlæknis í nóvbr. 1931, en kveðst þó hafa heyrt talsvert talað um drykkjuskap læknisins eftir þetta af öðru starfsfólki og væri sömu skoðunar og það um að hann væri óreglumaður. Auk þess ber þetta vitni, að æði oft hafi komið fyrir, að læknirinn kæmi ekki á spítalann, en því hafi verið kennt um, að hann væri veikur.

Þá er það upplýst við rannsóknina að hinn 1. nóv. 1932 kom það slys fyrir, að sjúklingur sló eina hjúkrunarkonu í höfuðið með kústhaus og meiddi hana mikið. Gerðist þetta milli kl. 8—10 að morgni og reyndist þá ómögulegt að ná í læknirinn hvorki með því að síma til hans eða á annan hátt, og er þó sannað í málinu að læknirinn var heima í þetta skipti, en eftir nokkra töf náðist í annan lækni, er af tilviljun var staddur í spítalanum, og batt hann um sárið.

Yfirhjúkrunarkona spítalans, Jórunn Bjarnadóttir, ber hinsvegar sem vitni, að hún hafi eigi séð stefnda með vini inni hjá sjúklingum eftir 10. nóv. 1931, en bætir því þó við, að komið hafi fyrir, að

læknirinn hafi eigi gengið stofugang, og hafi hana þá grunað, að ástæðan væri sú, að hann væri þá með vini, og því eigi komið á spítalann.

Steinunn Jóhannesdóttir hjúkrunarkona á 3. deild, ber það sem vitni, að hún hafi aldrei séð stefnda drukkinn nema dagana 9. og 10. nóvbr. 1931, en kveðst þó stundum, er hún hafi gengið stofugang með lækninum, hafa fundið vínlykt af honum. Framburður þessa vitnis fer í bága við áður gefið vottorð um drykkjuskap læknisins 1931 og við það, sem sannað er um drykkjuskap hans það ár og er auk þess í ósamræmi við framburð vitnisins, Ólafíu Einarsdóttur, er vann með Steinunni á sömu deild, sem hefir borið það, að hún hafi nokkrum sinnum séð læknirinn undir áhrifum vins á stofugangi eða inni í deildinni og hafi það verið engu sjaldnar á stofugangi 1932 en 1931.

Framburðir þessara tveggja vitna geta ekki hnekt hinum ákveðnu vitnisburðum framangreindra vitna um drykkjuskap stefnda og á framburði vitnanna Bjargar Ólafsdóttur og Auðar Jónsdóttur verður þetta eigi heldur byggt, með því að framburðir þessara vitna eru bæði í ósamræmi við áður gefin vottorð og ákveðinn framburð annara vitna um sömu staðreyndir. Þetta verður heldur eigi byggt á framburði annara vitna.

Með áðurnefndri rannsókn þykir nú vera fengin næg sönnun fyrir því, að mjög mikið hafi borið á drykkjuskap stefnda eigi aðeins á árinu 1931 heldur og á árinu 1932, allt þar til hann var látinn fara frá spítalanum, og sú breyting er orðið hefir á framferði læknisins eftir 13. nóv. 1931 virðist aðallega hafa verið í því fólgin, að hann eftir þann

tíma hafi forðast að mæta drukkinn á stofugangi, eins og sum vitnin bera.

Það hefir að vísu ekkert komið fram um það í réttarrannsókninni, að stefndi hafi aðhafzt neitt, er hættulegt hafi verið fyrir sjúklingana og er það heldur eigi sannað, að stefndi, þótt drukkinn væri, hafi sýnt þeim neina óþarfa hörku þótt nokkur vitni hafi borið, að framkoma stefnda gagnvart sjúklingum hafi stundum verið kuldaleg og jafnvel hrottaleg, en engu að síður verður það að teljast alveg óviðunandi að fela manni, sem er orðinn uppvis að drykkjuskap í svo ríkum mæli, sem að framan er sagt, svo ábyrgðarmikið starf sem yfirlæknisstarfið að Nýja-Kleppi, dómsmálaráðherrann hafði því réttmæta ástæðu til að víkja stefnda fyrirvaralaust frá yfirlæknisstöðunni, við spítalann, svo sem gert var, án þess að stefnda geti borið neinar bætur fyrir. Það verður því að sýkna áfrýjanda af skaðabótakröfu stefnda, og ber þá einnig að dæma stefnda til að greiða málskostnað bæði í héraði og hæstarétti, er ákveðst 500 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra, f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Lárusar Jónssonar, fyrverandi yfirlæknis að Nýja-Kleppi í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda, f. h. rikissjóðs, 500 kr. í málskostnað í héraði og hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Málavextir í máli þessu eru þeir, að með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 12. maí 1930 var stefn-

anda. Lárusi Jónssyni, lækni, falið að vera yfirlæknir við hinn nýja geðveikraspítala á Kleppi og umráðamaður þar að öllu leyti. Skyldi hann hafa í árslaun kr. 5000,00 auk dýrtíðaruppbótar embættismanna og ennfremur ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðningartíminn var tiltekinn 2 ár og segir svo í bréfinu, að eigi sé hægt að vikja stefnanda frá innan þess tíma, en verði það samt sem áður gert einhverra orsaka vegna, skuli hann hafa rétt til fullra launa fyrir tvö ár eins og hann hefði starfað allan tímann við spítalann. Að þessum tveim árum liðnum skyldi stöðunni eigi verða sagt upp af hálfu aðila með minna en sex mánaða fyrirvara. Að gefnu tilefni frá stefnanda gaf ráðuneytið í bréfi dags. 10. apríl 1931 þá skýringu á framangreindum ráðningarkjörum stefnda, að ef honum yrði vik-ið úr stöðunni áður en tvö ár væru liðin frá dags. fyrra bréfsins, bæri honum full laun í 2½ ár frá þeim tíma eða m. ö. o. frá 12. maí 1930. Með bréfi frá ráðuneytinu dags. 26. maí 1932 er stefnandi svo ráðinn áfram sem yfirlæknir við spítalann og umráðandi þar í tvö ár, með sömu réttindum og skyldum og um getur í bréfum ráðuneytisins frá 12. maí 1930 og 10. apríl 1931.

Hinn 8. dezember f. á. var stefnanda síðan vikið úr yfirlæknisstöðunni þá samstundis og fyrirvaralaust með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og segir í bréfinu að brottvikningin sé „sakir óreglu“, og lét stefnandi þegar af starfanum. Nú telur stefnandi að í framangreindum bréfum ráðuneytisins séu honum áskilin full umsamin laun út ráðningartíma sinn, jafnvel þó að hann gerði sig sekan í einhverri þeirri vanrækslu í starfi sínu, sem eftir almennum reglum hefði getað bakað honum brottrekstri úr stöðunni án bóta og eigi hann því samkvæmt sjálfum ráðningarsamningnum skýlausan rétt til launagreiðslu úr rikissjóði til loka ráðningartímans þrátt fyrir brottvikninguna, eins og hann hefði gegnt stöðunni áfram, en ráðningartímann telur stefndi hafa verið 2½ ár frá því að ráðningin var framlengd með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 26. maí 1932 eða til 26. nóv. 1934 og hafi þannig verið eftir af tímanum eitt ár, 11 mánuðir og 17 dagar er honum var vikið frá. Jafnframt heldur stefnandi því ákveðið fram, að ekki hafi verið nokkur lögmæt ástæða til þess að vikja honum úr yfirlæknisstöðunni, og

eigi hann því eftir almennum reglum rétt til fullra launa allan ráðningartímann, hvernig sem lítið yrði á ákvæði ráðningarsamningsins viðvikjandi því hvernig færi um launagreiðslu til hans ef til brottvikningar kæmi. Hefir stefnandi að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun höfðað mál þetta með stefnu útgefni 19. jan. s. l. gegn fjármálaráðherra Ásgeiri Ásgeirssyni f. h. rikissjóðs og gert þær réttarkröfur að stefndur verði dæmdur til þess að greiða sér full umsamin laun úr rikissjóði frá 1. jan. 1933 að telja til 26. nóv. 1934, miðað við 5000 króna árs-laun, auk dýrtiðaruppbótar af launum þessum eins og hún verður ákveðin fyrir þann tíma, ásamt uppbót fyrir húsnæði, ljós og hita fyrir tímabilið frá 9. dez. f. á. til 26. nóv. 1934, er stefnandi telur hæfilega metna 300 krónur á mánuði, með 5% ársvöxtum af allri kröfuupphæðinni frá sáttakærudegi, 17. jan. s. l. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt þess aðallega að hann verði algerlega sýknaður af þeim og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Hefir stefndur í fyrsta lagi mótmælt þeim skilningi stefnanda á ráðningarsamningnum, að hann væri óriffanlegur til loka ráðningartímans án tillits til þess hvernig stefnandi rækti starf sitt og stöðu. En þennan skilning byggir stefnandi á ákvæði í 2. málsgr. hins upphaflega ráðningarsamnings (bréf ráðuneytisins frá 12. maí 1930) en ákvæðið er svo orðrétt: „Verði yður samt sem áður einhverra orsaka vegna vikið frá, skuluð þér hafa rétt til fullra launa fyrir 2 ár, eins og þér hefðuð starfað allan tímann við spítalann“. Telur stefnandi að þó að orð þessi gætu fljótt á lítið skilizt svo, að stefnandi skyldi njóta launanna af hvaða ástæðum, löglegum eða ólöglegum, sem hann væri látinn fara frá spítalanum þá muni ekki bera að skilja þau á þann veg. Lítur stefndur svo á, að þegar skýra á ummæli þessi, verði að hafa í huga. með hverjum atvikum stefnandi hafi komizt að yfirlæknisstöðunni. Hafi þau verið með þeim hætti, að búast hafi mátt við, að hann yrði valtur í sessi, þegar skifti um yfirtjórn heilbrigðismálanna, og muni hlutaðeigandi ráðherra hafa haft þetta í huga og með umræddu ákvæði að-

eins viljað tryggja stefnanda gegn því, að á hann yrði ráðizt í stöðinni nema *full* ástæða væri til. Hefði hitt verið tilætlunin með ákvæðinu að veita stefnanda fyrirfram syndakvittun, þó að hann gerði sig sekan í stórvægilegum skyldubrotum í starfinu eða öðru verra, telur stefndur að það hefði þurft að taka fram berum orðum. En jafnvel, þó að það hefði verið gert eða fyrir veitingavaldinu (ráðherra þeim sem réði stefndan) hefði vakað að gefa stefnanda frjálsar hendur um það hvornig hann hagaði sér í starfinu og fyrirfram aflausn fyrir þær yfirsjónir, sem honum kynni að verða á í því, þá komi ekki til mála, að eftirmenn ráðherrans eða ríkissjóður yrðu bundnir við slíka samninga. Ráðherrann hefði þar farið algerlega út fyrir valdsvið sitt, og eftirmönnum hans hafi eftir sem áður borið skylda til að líta eftir stefnanda sem öðrum starfsmönnum ríkisins og víkja honum úr stöðunni ef hann vanrækti hana eða reyndist óhæfur til hennar.

Stefnandi hefir hinsvegar haldið því ákveðið fram, að skilja beri margnefnt ákvæði eftir berum orðum þess, en eftir þeim sé ótvírátt að hann eigi rétt til samningsbundinna launa út ráðningartíma sinn, hvort sem heimilt hafi verið eftir almennum reglum að rifta samningnum eða ekki. Jafnframt telur hann vafalaust að viðkomandi ráðherra hafi ekki farið út fyrir valdsvið sitt með samningsgerð þessari og sé samningurinn því bindandi fyrir eftirmenn hans í embætti og ríkissjóð.

Það verður nú ekki úr því skorið hvað vakað hefir fyrir veitingavaldinu með margnefndu ákvæði en orðalag þess er svo víðtækt og einhliða að vel geta þau ráðningakjör, sem stefndur telur sig hafa verið ráðinn með hafa átt að felast í því. En rétturinn litur svo á og fellst í því efni algerlega á skoðun stefnds, að ef tilætlunin hefði verið sú, að ráðningarkjörin væru slíki, þá sé ráðning stefnanda, að þessu leyti ekki bindandi fyrir ríkissjóð. Það virðist sem sé beinlínis á móti hlutarins eðli, að ráðherra geti svo gilt sé, ráðið starfsmenn í þjónustu ríkisins með þeim kjörum, að starfsmennirnir, þó að þeir verði rétt rækir frá starfi sínu og séu reknir frá því vegna vanrækslu og skeytingarleysis, eigi eftir sem áður rétt til launagreiðslu úr ríkissjóði eins og ekkert hefði í skorizt.

Verður því ekki álitid að stefnandi geti byggt dómkröfuf sínar á umræddu samningsákvæði og verður því sú máls-ástæða hans ekki tekin til greina.

Er þá næst að athuga hvort stefnandi eftir almennum reglum á rétt til kaups þess, sem hann hefir stefnt til greiðslu á. Því hefir stefndur og mótmælt. Heldur hann því fram, að stefnandi hafi brotið svo af sér í stöðunni með óreglu og þá sérstaklega drykkjuskaparóreglu að full heimild hafi verið til þess að vikja honum frá fyrirvara- laust, og svifta hann launum frá brottfarardegi.

Með konuglegri umboðsskrá útgefinni 22. dez. f. á. var Garðari Þorsteinsyni, hrm., falið að rannsaka starf stefnanda sem yfirlæknis á Nýja-Kleppi. Voru við þá rannsókn teknar skýrslur af öllu hjúkrunarfólkinu þar og mörgum öðrum, er við stofnunina höfðu unnið samtímis stefnanda, honum sjálfum og skýrslur fengnar frá land- lækni og lækni þeim, er tók við yfirlæknisstöðunni á eftir stefnanda. Við rannsókn þessa kemur það meðal annars fram, að í nóvembermánuði 1931 hafa hjúkrun- arkonur spítalans kært til landlæknis yfir óreglu og drykkjuskap stefnanda sem yfirlæknis við spítalann og í kærinni tilgreina þær sérstaklega að dagana 9. og 10. nóv. 1931 hafi hann verið svo ölvaður, að þær telji að hann hefði þá ekki átt að gegna læknisstörfum (fara stofugang eða láta sjúklinga sjá sig), en það hafi hann hvorutveggja gert. Þá hafa mörg vitna þeirra, sem leidd voru við réttarrannsóknina borið það, að stefnandi hafi verið allmjög óreglusamur (drykkfelldur) og hafi þess gætt í starfi hans allt fram til þess að umrædd kæra á hann var send til landlæknis. Og stefnandi hefir sjálfur við- urkennt, að hann hafi komið nokkrum sinnum til sjúkl- inga undir áhrifum vins bæði við stofugang og á öð- um tímum sólarhrings og vill ekki mótmæla því, að hann hafi ef til vill örsjaldan gegnt læknisstörfum drukkin eða mikið ölvaður, en hann fullyrðir að hvorugt þetta hafi nokkru sinni komið fyrir eftir 10. nóv. 1931. Út af umræddri kæru skrifaði landlæknir hinn 16. nóv. þá- verandi dómsmálaráðherra og lagði til að stefnandi yrði leystur frá störfum sínum. Jafnframt mun hann hafa vandað um við stefnanda. Ráðuneytið vék stefnanda þó ekki frá, heldur framlengdi ráðningu hans eins og áður

er sagt með bréfi sínu dags. 26. maí f. á. Að álitu réttarins skiptir því breytni stefnanda í yfirlæknisstöðunni áður en ráðning hans var framlengd ekki máli, þegar dæma skal um það hvort frávikningin hafi verið réttmæt eða ekki, heldur verður í því efni að fara eingöngu eftir framkomu stefnanda eftir að samningurinn var endurnýjaður og verða nú framburðir vitna þeirra, sem leidd voru við greinda réttarrannsókn og ætla má að frekast hafi fylgzt með því, hvernig stefnandi rækti störf sín, athugaðir, svo og önnur þau atriði, sem rétturinn telur hafa þýðingu fyrir úrslit máls þessa.

Meðal þeirra, sem yfirheyrðir voru við umgetna rannsókn eru 9 hjúkrunarkonur við spítalann. Má gera ráð fyrir því, að þær svo og aðstoðarlæknir við spítalann, hjúkrunarmenn, ráðsmaður og ráðskona hafi haft sérstaka og einna bezta aðstöðu til þess að fylgjast með í því hvernig stefnandi rækti stöðu sína og störf við spítalann. Af hjúkrunarkonunum hafa 8 borið það, að þær hafi ekki séð stefnanda undir áhrifum vins, hvað þá ölvaðan við læknisstörf innan spítalans eftir að fyrrgreind kæra til landlæknis var send, og af framburði þeirra að öðru leyti, verður yfirleitt ekki annað ráðið, en að þær telji að stefnandi hafi rækt starf sitt vel og að hann hafi komið vel fram við sjúklingana, eftir að hann var kærður. Þá hafa og flestar þeirra borið það, að samvinna þeirra og stefnanda hafi verið góð. Hinsvegar hefir ein hjúkrunarkonan borið það, að hún hafi séð stefnanda nokkrum sinnum undir áhrifum áfengis á spítalanum árið 1932, svo hafi hún og heyrt að hann hafi verið drukkinn inni hjá starfsfólkinu. Vitni þetta telur þó, að óregla læknisins hafi ekki snert sjúklingana beinlínis, en hann hafi eigi að síður að hennar álitu oft ekki komið heppilega fram við sjúklingana, en verið óþolinmóður við þá, stundum kuldalegur og jafnvel hrottafenginn. Nefnir hún í framburði sínum eitt tilvik, sem dæmi um þessa framkomu hans, en gegn mótmælum stefnanda, er ekki sannað, að það hafi átt sér stað.

Aðstoðarlæknirinn, sem vann með stefnanda frá því 7. júní f. á. til þess tíma, er stefnanda var vikið frá, að ágústmánuði undanteknum, hefir borið það, að hann hafi ekki orðið var við óreglu hjá stefnanda við læknisstörf.

Þá telur hann samvinnu milli sín og stefnanda hafa verið hina ákjósanlegustu.

Af þremur hjúkrunarmönnum sem yfirheyrðir voru, hefir einn borið það, að hann minnst þess ekki að hafa séð stefnanda inni hjá sjúklingum undir áhrifum áfengis á árinu 1932 en í eitt skipti hafi sér virzt, er stefnandi kom á stofugang, að hann mundi hafa drukkið eitthvað nóttina áður. Kveðst vitni þetta aftur á móti minnast þess, að hafa séð stefnanda tvisvar ölvaðan á umræddu ári, en í bæði skiptin utan starfstíma síns. Framkomu stefnanda gagnvart sjúklingunum telur vitnið yfirleitt góða. Annar hjúkrunarmaður hefir borið það, að hann hafi alltaf öðru hvoru séð stefnanda drukkin á spítalanum allan þann tíma, sem þeir hafi verið samtíma þar, en getur þó ekki tilgreint neina sérstaka daga eftir 10. nóv. 1931, en vitnið kveðst hafa unnið við spítalann frá 13. nóv. 1930. Þá hafi framkoma stefnanda við sjúklinga verið misjafnlega góð og kveðst vitnið hvorki hafa getað fellt sig við hana né við framkomu hans sem yfirmanns á spítalanum. Nefnir vitnið eitt dæmi um ótilhlýðilega framkomu stefnanda gagnvart geðveikissjúklingi, en ekki er sannað, að það sé rétt hermt og við framburð hjúkrunarmanns þessa er það að athuga, að hann kveðst ekki hafa haft persónuleg kynni af stefnanda og ekki talað við hann nema aðeins er nauðsynlegt hafi verið, þriðji hjúkrunarmaðurinn, sem vann við spítalann frá áramótum og fram til miðs júlí 1932 telur stefnanda hafa á þessum tíma alltaf komið öðru hvoru á stofugang undir áhrifum víns. Stefnandi hafi þó ekki verið sérstaklega áberandi drukkin, en engum hafi þó getað dulizt, að hann væri undir áhrifum áfengis. Þá telur vitni þetta, að stefnandi hafi ekki verið nærgætinn við sjúklingana og kveðst álita hann óreglumann.

Ráðsmaður spítalans, sem unnið hefir þar frá því í ársbyrjun 1930 og hefir hlotið að hafa nokkuð saman við stefnanda að sælda, skýrir við yfirheyrslurnar frá því, að stefnandi hafi iðuglega skoðað bækur spítalans og reikninga og fylgst með í rekstrinum og getur þess, að samvinna milli þeirra hafi verið góð. Þá kveðst hann ekki hafa vitað til þess, að stefnandi kæmi drukkin á spítalann árið 1932 né heldur hafi hann heyrt hjúkrun-

arkonurnar eða starfsfólkið tala um að svo væri. Hinsvegar telur ráðsmaðurinn að traustið á spítalanum hafi minnkað þegar stefnandi tók við honum.

Ráðskona spítalans ber það, að henni hafi verið kunnugt um að stefnandi hafi nokkrum sinnum komið á spítalanum undir áhrifum vins árið 1932. Þá hafi hann og nokkrum sinnum verið fjarverandi á árinu, en hún telur að þær fjarvistir hafi stafað af lasleika. Tveir hjúkrunar-nemar við spítalann kveðast ekki hafa orðið varir við, að stefnandi kæmi drukkinn á spítalann. Þá skýrir annar þeirra svo frá, að stefnandi hafi sýnt sér kurteisi og nákvæmni og samvinna þeirra hafi verið ágæt, og að hans álit hafi stefnandi rækt störf sín með samvisskusemi og sýnt sjúklingum góða framkomu.

Fjórar deildarstúlkur hafa borið það, að þær hafi ekki séð eða orðið varar við, að stefnandi hafi verið drukkinn eða með vini innan spítalans. Hinsvegar kveðst ein þeirra hafa orðið þess vör að hann hafi alloft verið undir áhrifum vins heima hjá sér. Þrjár þessara stúlkna telja stefnanda hafa komið vel fram gagnvart sjúklingum. Ein deildarstúlka hefir borið það, að hún hafi nokkrum sinnum árið 1932 séð stefnanda undir áhrifum vins, þó ekki áberandi ölvaðan á stofugangi, en eigi að síður telur hún að framkoma hans gagnvart sjúklingum hafi yfirleitt verið góð. Þá hefir loks starfsmaður, kyndari á spítalanum borið það, að hann hafi oft séð stefnanda drukkinn eftir að kærán á hann var send og allt til þess tíma, sem honum var vikið úr starfinu og það stundum innan spítalans. Segir vitnið, að stefnandi hafi oft vakið sig upp um nætur til þess að opna spítalann og þá verið drukkinn, en gegn mótmælum stefnanda er ekki sannað að svo hafi verið, og við framburð vitnis þessa, er það að athuga að vitnið virðist ekki hafa haft aðstöðu til þess að fylgjast sérstaklega með læknisstarfi stefnanda við spítalann.

Nokkuð fleira starfsfólk við spítalann, en það sem greint er hér að framan, hefir verið yfirheyrt við rannsóknina, en ekki þykir ástæða til að athuga framburði þess sérstaklega, með því að starfsfólk þetta virðist ekki hafa haft aðstöðu til að fylgjast eins vel með starfsemi stefnanda og það, sem þegar hefir verið nefnt.

Allmörg vitnin sem leidd hafa verið hafa borið það,

að þau hafi heyrt talað um drykkjuskaparóreglu hjá stefnanda, bæði á spítalanum og annarsstaðar, en þau hafa þar ekki fyrir sér annað en orðróm, sem ekki verður á byggt. Nokkur vitnanna telja einnig að nokkuð hafi á því borið, að stefnandi hafi verið fjarverandi frá spítalanum og ekki hafi til hans náðst, en ekki er sannað að það hafi stafað af drykkjuskap eða skeytingarleysi hjá honum, enda ekki fyllilega upplýst að fjarvistirnar hafi verið óeðlilega miklar.

Um framangreinda vitnaframburði er það að segja, að vitnin virðast yfirleitt ekki bera um einstakar samtímis skynjanir, heldur ber hvert vitni um það hvernig því hafi komið framkoma stefnanda á spítalanum og starf hans þar í heild fyrir sjónir. Verður því ekki sagt, að vitnisburðirnir hljóti að brjóta í bága hver við annan, þó að þeir séu ósamhljóða, þar sem ósamræmið getur stafað af því, að vitnin beri um skynjanir, sem ekki hafa farið fram samtímis.

Það er nú ekki sannað við rannsóknina eða á annan hátt, að stefnandi hafi nokkurntíma eftir að ráðning hans var framlengd, verið ölvæður við læknisstörf á spítalanum. Hinsvegar verður að telja það upplýst að hann hafi neytt nokkuð vins eftir þann tíma og að hann hafi þá stundum komið á spítalann undir áhrifum þess til læknisstarfa, en aðallega virðist vinnautnin hafa átt sér stað heima hjá stefnanda og utan spítalans. En þar sem allur þorri starfsfólks þess, sem besta aðstöðu hafði til þess að fylgjast með því hvernig stefnandi rækti stöðu sína, hefir borið það við rannsóknina, að það hafi ekki orðið þess vart, að stefnandi hafi verið undir áhrifum vins við læknisstörf á þeim tíma sem hér skiptir máli, þykir mega slá því föstu, að vinnautnar stefnanda við þau hafi gætt mjög óverulega og ekki er upplýst um neitt einstakt tilfelli, þar sem hún hafi komið að sök.

Við réttarrannsóknina gefur landlæknir þá skýrslu að eftir að margnefnd kæra var send til hans hafi ekki verið kvartað undan því, að stefnandi væri undir áhrifum áfengis við læknisstörfin, og ekki hafi honum heldur verið það kunnugt á annan hátt. Kveðst hann hinsvegar hafa ítrekaðan vitnisburð yfirhjúkrunarkonunnar og ráðsmannsins um það, að svo hafi skift um til batnaðar við

kæruna og rekistefnuna út af henni, að siðan hafi ekki verið ástæða til umkvörtunar. Þá kveðst landlæknir ekki vita til, að stefnandi hafi gert sig sekan í nokkurri óreglu, að því er *rekstur* sjúkrahússins snertir. Hafi hann sem embættismaður iðuglega snúið sér til stefnanda, bæði í síma og á annan hátt, og aldrei rekizt á hann ölvaðan. Telur landlæknir stefnanda greindan, glöggvan og skilmerkilegan mann. Þá getur hann þess að Þórður prófessor Sveinsson, hafi talað lofsamlega við hann um stefnanda sem yfirlækni, að því leyti sem hann (Þórður) hafi til þess litið. Loks hafi héraðslæknirinn á Eyrarbakka, sem hafi átt son sinn veikan á Nýja-Kleppi tjáð honum óspurður, að sér hafi getizt mæta vel að stefnanda og að syni hans þætti vænt um hann. Þá verður ekki séð af framburði læknis þess, sem tók við yfirlæknisstöðunni eftir stefnanda, að hann hafi fundið neitt athugavert við meðferð stefnanda á sjúklingum eða rekstur spítalans. Loks liggur fyrir í málinu yfirlýsing tveggja lækna er voru við úttekt spítalans, 9. dez. f. á. að þeim hafi við fljótlega skoðun á húsakynnum og áhöldum virst allt vera í góðu lagi. Þá hafi sjúkraskrár spítalans verið taldar og hafi þær verið allar, en ekki hafi þær verið athugaðar nánar.

Að öllu þessu athuguðu, sem greint er hér að framan, viðvikjandi framkomu stefnanda sem spítalalæknis og starfrækslu hans, verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi eftir að ráðning hans að spítalanum var endurnýjuð gert sig sekan um svo verulega vinnautn í starfi sínu né heldur um nokkra þá vanrækslu á skyldum sínum sem yfirlæknis eða hírðuleysi um þær, að heimild hafi verið að vikja honum úr yfirlæknisstöðunni svo sem gert var og verður því sýknukrafa stefnds ekki tekin til greina, heldur ber að fallast á það hjá stefnanda, að hann eigi rétt til umsaminna launa hjá rikissjóði út ráðningatíma sinn.

Til vara hefir stefndur mótmælt kröfum stefnanda, sem of háum. Telur hann þó að ráðning stefnanda hafi ekki verið endurnýjuð fyrr en 26. maí 1932 eða 14 dögum eftir að hinum fyrra samningi lauk 12. maí s. á., þá muni það hafa verið tilætlunin, að framhaldsráðningunni hafi verið ætlað að miðast við þann dag og eigi stefnandi því

í öllu falli ekki rétt til kaups lengur en til 12. nóv. 1934. Jafnframt hefir stefndur talið orka nokkuð tvímælis hvort eigi muni hafa verið unnt að slita ráðningarsamninginn löglega við stefnanda með 6 mánaða fyrirvara fyrir 12. maí 1934, og nái þá kaupkrafta hans aðeins til þess dags.

Að áliti réttarins verður orðalag bréfs ráðuneytisins frá 26. maí ekki skilið öðruvísi en svo, að framhaldsráðning stefnanda teljist frá dagsetningu bréfsins. Þá er það ljóst af bréfum ráðuneytisins frá 12. maí 1930 og 10. apríl 1931 að upphaflegi ráðningartími stefnanda er eins og áður er sagt í raun og veru ákveðinn  $2\frac{1}{2}$  ár frá 12. maí 1930 eða til 12. nóv. 1932 og uppsegjanlegur til þess dags. Nú er það greinilegt af framhaldsráðningarbréfi stefnanda, að ráðningarkjör hans eru að öllu leyti þau sömu og áður. Hefði því fyrst verið hægt að segja stefnanda löglega upp framhaldssamningnum frá 26. nóv. 1934 og hafa þá athugasemdir stefnds við það, að ráðningatíminn sé ekki rétt talinn hjá stefnanda ekki við rök að styðjast.

Loks hefir stefndur mótmælt þeirri upphæð, sem stefnandi hefir reiknað sér á mánuði sem uppbót fyrir húsnæði, ljós og hita sem of hárrí. En þar sem það er in confesso í málinu, að annar læknir en stefnandi, hefir nýlega með hæstaréttardómi fengið sömu upphæð til dæmda sem bætur fyrir missi nákvæmlega sömu hlunninda og hér er um að ræða, verða þessi mótmæli stefnds heldur ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu verða þá úrslit máls þessa þau hér fyrir réttinum, að dómkröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en því, að eftir öllum mála-vöxtum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna margvíslegra emþættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrr en nú.